



## NÁM ÁN AÐGREININGAR – TÖKUM TIL AÐGERÐA! RÁÐLEGGINGAR LÚXEMBORGAR

### Samhengi

Í október 2015 hélt Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, ásamt mennta- og menningarmálaráðuneyti Lúxemborgar, evrópskt fyrirspurnarþing sem bar heitið „Nám án aðgreiningar – Tökum til aðgerða!“. Ráðstefnan var haldin undir lúxemborgskri formennsku ráðs Evrópusambandsins.

Sjötíu og tveimur ungum nemendum frá 28 löndum innan Evrópu, sem sumir þurftu á sérkennslu að halda og/eða áttu við fötlun að

stríða, var boðið tækifæri til að ræða nám án aðgreiningar í skólum sínum og menntastofnunum. Ungu fólkið greindi frá heildaránægju sinni á þeirri kennslu sem það hlaut en tók einnig fram það sem betur mætti fara. Aðstæðurnar sem ungu fólkið greindi frá, sem og tillögur þess, voru teknar saman í texta sem ber heitið *Ráðleggingar Lúxemborgar*.

Þann 23. nóvember 2015 voru *Ráðleggingar Lúxemborgar* kynntar fyrir evrópskum menntamálaráðherrum til íhugunar og til að leggja hornsteininn að frekari aðgerðum. Ráðleggingarnar styðja framkvæmd náms án aðgreiningar sem er talinn besti kosturinn þar sem viðeigandi skilyrði eru fyrir hendi. Þær byggjast á fimm mikilvægum staðreyndum sem ungu fólkið greindi frá.

### Ráðleggingar

#### 1. Allt um okkur, með okkur

Þetta á við um beina þátttöku nemenda í allri ákvarðanatöku sem viðkemur þeim:

- Taka skal tillit til þess sem ungu fólkið og fjölskyldur þeirra hafa að segja og hafa það til

hliðsjónar við ákvarðanatöku sem snertir það beint eða óbeint.

- Spyrja skal ungu fólkið um þarfir þess.
- Æskulýðsfélög ættu ávallt að taka þátt.

#### 2. Skólar án hindrana

Þetta á við um fjarlægingu allra líkamlegra og tæknilegra hindrana:

- Þó svo að margar hindranir hafi þegar verið fjarlægðar í skólum er nauðsynlegt að ekkert standi í vegi fyrir því að nemendur komist líkamlega að menntastofnunum, að þær séu auðveldlega aðgengilegar og að nemendur geti komist leiða sinna innan þeirra.
- Við endurbyggingu eða endurnýjun skólabygginga er nauðsynlegt að virða reglur um aðgengileika, svo sem að sjá fyrir fjölnota og/eða kyrrlátum svæðum innan skóla og auka tiltækileika sveigjanlegs kennslubúnaðar.
- Hentug tækniástoð og kennsluefni skulu vera til staðar og vera í samræmi við þarfir hvers og eins.

### 3. Að brjóta upp staðalímyndir

Hér er um að ræða hugtakið „eðlileiki“. Ef við samþykkjum að allir séu öðruvísi, hver er þá „eðlilegur“?

- Undirstaða gagnkvæmrar virðingar og umburðarlyndis er að veita kennurum, starfsfólki skóla, börnum, unglíngum og fjölskyldum þeirra stuðningsþjónustu með áreiðanlegum upplýsingum um mismunandi þarfir nemenda.
- Nauðsynlegt er að líta fjölbreytni jákvæðum augum. Sameiginlegt gildi skal vera „að líta á fötlun sem eðlilega“.
- Enginn er eins og það þarf að taka öllum eins og þeir eru. Virðing byggist á því að við skiljum hvert annað.
- Námsgeirinn þarf að vera meðvitaðri um og bera meiri virðingu fyrir fólki sem á við fötlun að stríða.

### 4. Fjölbreytileiki er eins og stærðfræðidæmi og samþætting er samnefnarinn sem lætur dæmið ganga upp

Fjórða staðreyndin er fengin frá slagorði sem

sumt ungt fólk notar:

- Nauðsynlegt er að allir einbeiti sér að því sem *hægt* er að gera, ekki að því sem ekki er hægt að gera.
- Grunnskilyrði gæðamenntunar fyrir alla er að nám sé fullkomlega aðgengilegt og virði þarfir allra nemenda.
- Afar mikilvægt er að kennarar og aðrir fagaðilar vinni saman, en einnig að góð tækifæri til þjálfunar séu veitt.
- Nauðsynlegt er að kennarar og bekkjarfélagar veiti viðeigandi mannlega og/eða tæknilega aðstoð.

### 5. Að verða fullgildir samfélagsþegnar

Hér er um að ræða þann þátt sem nám án aðgreiningar á í fullgildri þátttöku einstaklinga í samfélaginu:

- Nauðsynlegt er að nemendur séu í almennum skólum til að taka fullan þátt í samfélaginu.
- Markmiðið er að allir finni sinn stað í samfélaginu.

### Niðurstaða

*Ráðleggingar Lúxemborgar* eru í samræmi við og bæta upp viðeigandi evrópsk og alþjóðleg skjöl á sviði sérkennslu og náms án aðgreiningar. Ungu fólkið ítrekaði að nám án aðgreiningar heyrir undir mannréttindi og þungamiðja umræðna þeirra var um mikilvæg hugtök eins og eðlileika, umburðarlyndi, virðingu og borgararéttindi. Allur texti *Ráðlegginga Lúxemborgar (Luxembourg Recommendations)* er tiltækur á vefsvæðinu Nám án aðgreiningar – Tökum til aðgerða!:

<http://www.european-agency.org/luxembourg-recommendations>

